

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um vopnuð útköll lögreglu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver voru tilefni vopnaðra útkalla lögreglu á síðustu fjórum árum, sem getið er í töflum í Mati ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum? Svar óskast sundurliðað eftir lögreglusveitum, tilefnum og brotaflokkum eftir því sem við á.

Í tilefni af fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir umsögn embættis ríkislögreglustjóra. Í umsögn embættisins, dags. 13. mars 2015, er gerður sá almenni fyrirvari að fleiri en eitt lögreglulið getur vopnast á sama tíma vegna sama máls, t.d. almenn lögregla og sérsveit. Til svars við fyrirspurninni vísast að öðru leyti í töflu 2 um tilefni vopnaðra útkalla almennrar lögreglu og töflu 4 um tilefni vopnaðra útkalla sérsveitar embættis ríkislögreglustjóra. Tekið skal fram að í umsögn embættis ríkislögreglustjóra, dags. 23. mars 2015, segir að ástæðan fyrir því að embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sé ekki að finna í upptalningu í töflu 2 sé að sérsveit ríkislögreglustjóra vopnist vegna tilfella sem eiga sér stað á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 1. Fjöldi tilfella þar sem almenn lögregla vopnast, sbr. töflu í *Mati ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum* (bls. 9).

| 2011 | 2012 | 2013 | 2014 (30.9.2014) |
|------|------|------|---------------------|
| 8 | 8 | 7 | 6 |

Tafla 2. Tilefni þess að almenn lögregla vopnaðist árin 2011 til 30. september 2014.

| Embætti | Tilefni þess að almenn lögregla hefur vopnast | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|--|------|------|------|------|
| | Brot á almannafríði og allsherjarreglu | | | | |
| Suðurnes | Röng tilkynning (um vopn) | | | 1 | |
| | Brot gegn valdstjórninni | | | | |
| Suðurnes | Opinber starfsmaður, ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (vopnbeitingu hótað gegn lögreglu) | | | | 1 |
| | Sérrefsilög | | | | |
| Suðurnes, Vesturland, Norðurl. vestra, Suðurland | Vopnalög (nr. 16/1998) | 3 | 3 | 2 | |

| Ýmis verkefni | | | | | |
|--|--|----------|----------|----------|----------|
| Norðurland vestra | Aðstoð við önnur lögreglulið (vegna vopnaðs tilviks) | 1 | | | |
| Suðurnes, Suðurland | Eftirlit | | 1 | 1 | 2 |
| Suðurnes | Gæsla | | 2 | 1 | 1 |
| Norðurland vestra | Sjálfsvíg (vopnað tilvik) | 1 | | | |
| Tilkynningar | | | | | |
| Suðurnes | Sprengja | | 1 | | |
| Vestfirðir | Fólki ógnað með skotvopni | 1 | | | |
| Suðurland | Sjálfsvígshótun með skotvopni | | 1 | | |
| Suðurland | Vopnaður aðili á göngu í íbúðahverfi. | | | 1 | |
| Vesturland, Suðurland | Skothvellir | 1 | | | 1 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | | | | | |
| Nl. vestra og Nl. eystra | Hótanir (um vopnbeitingu) | 1 | | 1 | 1 |
| Alls | | 8 | 8 | 7 | 6 |

Tafla 3. Fjöldi tilfella þar sem sérsveit ríkislögreglustjóra vopnast árin 2011 til 13. janúar 2015. Um er að ræða vopnuð útköll en ekki öryggisgæsluverkefni.

| 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|------|------|------|------|-------------|
| 43 | 50 | 71 | 61 | 2 (13.1.15) |

Tafla 4. Tílefni þess að sérsveit ríkislögreglustjóra vopnaðist árin 2011 til 13. janúar 2015.

| Embætti | Tílefni vopnaðra útkalla | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015* |
|--------------------------------|---|------|------|------|------|-------|
| Ríkislögreglustjóri (sérsveit) | Útköll þar sem vopn eru á vettvangi, stuðningur við almenna lögreglu við inngöngu í húsnæði/handtökur hættulegra einstaklinga, skotvopn tryggð, sprengja/sprengjuefnaleit o.fl. | 43 | 50 | 71 | 61 | 2 |

*Tímabilið er frá 1.–13. janúar 2015.